# Stílabók úr 2.A MR

Bjarni Benediktsson – Menntaskólinn í Reykjavík – Íslenskur stíll um pólitík

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-1, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bjarni Benediktsson
2. bekkr. [illegible]
Reykjavík

Bjarni Benediktsson
2. bekk. [illegible]
aa

Bjarni Benedikt

Ég bauðst til þess, á síðasta fundi, að ræða hér nokkuð um frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, og er um Mentaskólann. Ég mun hér einungis ræða um höfuðstefnur, sem koma fram í frumvarpinu, en reyna að forðast sem mest aukaatriðin. Ég hef kynt mér eftir föngum alt, sem málinu kemur við, sem sé lesið alt nefndarálitið frá þeim þrímenningunum, lesið ~~alt~~ álitin, sem komu fram í þinginu í fyrra, um málið; og auk þess reynt að komast að því í hvernig ástand skólans var fyrir 1904; og mun ég nú nokkuð segja mönnum frá árangri þessar starfa míns.

Þá mun ég fyrst segja sögu frumvarps þessa, sem hér er um að ræða.

Á þingi 1919 var samþykt þingsályktunartillaga til stjórnarinnar, um að taka alt mentamálakerfi landsins til athugunar og endurskoðunar. Stjórnin kvaddi, svo þá prófessorana Guðmund Finnbogason og Sigurð P. Sivertsen, sér til aðstoðar

í málinu. Þeir tóku þá fyrst 2 til athugunar ~~var~~ Mentaskólann, og sömdu þetta frumvarp, í samráði við þá adjunktana Jón Ófeigsson og Ólaf Daníelsson.

Frumvarpið kom svo, sem stjórnar-frumvarp, fyrir þingið. Í neðri deild var það sett í mentamálanefnd, en í henni áttu sæti Bjarni frá Vogi, Magnús Jónsson, Jón Þorláksson, Þorsteinn M. Jónsson og Eiríkur Einarsson, nefndin klofnaði þannig að ~~þeir~~ þeir fyrstnefndu vildu láta samþykkja málið, með nokkrum smá-breytingum. En þeir tveir síðustu vildu láta fresta málinu, og mun Þorsteinn Jónsson, hafa verið alveg á móti höfuð atriðum frumvarpsins. En málið komst svo seint úr nefnd, að það varð eigi útrætt.

Á þessu þingi ~~kemur úr~~ frumvarpið aftur fram, sem stjórnar-frumvarp, og hefur því verið vísað til mentamála nefndar neðri deildar, en í henni eiga sæti Þorsteinn M. Jónsson. Sigurður Stefánsson; Gunnar Sigurðsson; Jón Þorláksson og Sveinn í Firði.

Málið mun koma úr nefnd eftir viku til hálfan mánuð, og er engu hægt að spá um úrslit þess í þinginu.

Nú hef ég, með nokkrum orðum skýrt frá sögu ~~til~~ málsins, og mun nú lesa upp merkustu kafla frumvarpsins. Frumvörpin eru tvo og er annað einungis nánari um ákvæði, ~~hins~~ um hið fyrra. Það styttra nefnist: Frumvarp til la g[illegible] um hinn lærða skóla í Reykjavík, en það lengra Frumvarp að reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík. Þá mun ég lesa orðrétta upp úr frumvarpinu merkustu kafla þess (Svo les ég upp þessar greinar: 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. # seinasta hlut 14. greinar. 17. 21. 22.) Nú hef ég lesið það helsta úr frumvarpinu. Mun ég ~~nú~~ þvínæst lesa upp stundatöflu, sem samin hefir verið, og sem, á að fara eftir við kensluna. (Les töfluna) Núverandi tafla, er þannig (les hana)

# Nú hef ég lesið nokkra kafla úr frumvarpinu upp en fleiri kaflar munu koma smátt og smátt.

Einnig mun ég seinna í ræðu minni ~~bráða~~ ræða um álit háskóla-prófessoranna. En ætla fyrst að

athuga einstaka greinar frumvarpsins. Það fyrsta er nú eftilvill aukaatriði, en samt vil ég geta um það, að í fyrirsögninni er skólinn nefndur hinn lærði skóli, ég álít ~~tilt~~ nafnið sem nú er, vera bæði íslenskulega og margfalt áferðar fegurra.

Næst er það svo 2. grein í hin þjóðar „Skólinn er samskóli". Það er að segja, að núverandi skifting hans í lærdóms og gagnfræða-deild, er afnumin en skólinn er ein samfeld heild. Á þessum atriði byggist alt frumvarpið.

Helstu röksemdir fyrir þessu atriði, koma best fram í áliti, meiri hluta mentamálanefndar neðri deildar, síðan í fyrra og ætla ég að lesa þær hér upp. (Les 1. 2. 3 og fyrri hluta 4. greinar á bl. 2.

Ég álít að þó þessar ástæður séu góðar og gildar, þá vegi þær samt ekki upp á móti þeirri ástæðu, að með þessu, er öllu sambandi slitið við gagnfræða-skólann á Akureyri, og þarmeð á mönnum að norðan gjört mjög torvelt að ganga í skólann hér, því að meðan ~~att~~ að öllu leyti, ódýrara að lifa hér í Reykjavík en á Akureyri, ~~þá er það mjög illt fyrir menn af norður og austurlandi að sæ~~ og meðan Akureyrar-skólinn hefir t. d. nú heimavist en skólinn hér ekki, og meðan yfirleitt öll aðbúð námsmanna er betri þar en hér, þá verð ég að álíta það mjög athugavert, að útilykja ~~þeim~~ ~~nemendum~~ gagnfræðingum frá Akureyri, aðgang að þessum skóla. Ennfremur held ég því fram, að fyrst verði að byggja gagnfræða-skóla hér í Reykjavík, fyrir þá Reykjavíkur búa, sem vilja ganga í gagnfræðaskóla. Ég verð því að halda fram: að ~~í meðan~~ ~~þeg~~ fyrst þegar orðið sé ódýrara fyrir námsmenn að lifa hér en á Akureyri, að fyrst þegar góð heimavist er komin á við Mentaskólann ~~og hér~~ og að fyrst þegar ~~þeg~~ búið er að byggja gagnfræða-skóla í R.vík, þá fyrst sé tími til að breyta Mentaskólanum í samskóla.

~~Annað~~ að. það ja atriði sem athugavert er, er stunda-
taflan, samkvæmt henni, á að auka kenslu í latínu
svo hún, íslenskan og stærðfræðin verði höfuð-
nám skólans, en aftur á að minka kenslu í
dönsku, ensku, ~~þýsku~~ o.s. fr., að því mun eg
annars koma nánar seinna. En athuga nokkuð
fyrst ~~það~~ fjölgun á tímum í latínu. Eg álít
að það muni vera ~~mjög~~ misráðið, því þó latína
skerpi eftir-vill ~~nokkuð~~ rökrétta hugsun, þá eru það
önnur fög, sem efla hana engu síður, svo sem
stærðfræðin. Sumir halda latínu einnig fram,
sökum þess, að í henni sé svo mikil málfræði, og
menn hafi gott af að kynnast málfræðinni. En eg
held að engu minni málfræði sé í íslensku, og
yfirleitt að íslenskan sé engu ómerkara mál, í
sjálfu sér en latína. Enn fremur ætla eg að
geta ummæla Kr. Jónssonar hæstaréttardómara,
er hann hafði á þingi 1897 um latínunámið, þau
hljóðuðu þannig: „Menn kunna að segja, að námið
í gömlu málunum hafi samt þýðingu fyrir lærisveinana

sem sérstök andleg æfing. En eg hygg, að slíka
æfingu æfingu, sé auðið að veita þeim á nota-sælli
hátt. Eg hygg að hægt sé ~~að hægt sé~~ að fá eins
hentugt meðal eins og gömlu málin, til þess að æfa
greind og hugsun námsmannanna t.a.m. stærðfræðina,
en sú grein er einnig gagnsamleg í öðru tilliti"
(Alþingistíðindi A deild 278 til 282) Í ræðu 1903, sagði sami
maður (Hann var að tala um latínu og grísku): „Þekking
á þessum málum, er nú orðið að minsta kosti mjög
gagns~~laus~~lítil fyrir mannlífið, og auk þess tekur hún
of mikinn tíma, frá öðru námi sem er stórum
gagnlegra, og loks er sú kunnátta, sem nú fæst
í lærða skólanum mjög lítilfjörleg" Alþingistíðindi
1903 A deild blaðsíðu 579, Eg hef ~~ma~~ valið þessi
ummæli ~~sökum, þess~~ alveg af handahófi, og samskonar
ræður annara manna, er harðsnúnari í garð
latínunnar, en sum aftur ~~[illegible]~~ vægari.
Eg tók þessi ummæli einnig sökum þess, að Kr. Jónsson
hafði töluverða reynslu í málinu. Sökum þess að
hann var prófdómari við skólann, og auk þess átti

sæti í stjórnarvöldunum, sem var yfirstjórn skólans.
Nú þykist ég hafa sýnt að menn voru ó engu óánægðari með gamla fyrir-komulagið, en menn eru með núverandi fyrir-komulag. Hef ég nú einnig sýnt fram á að eigi muni vera vert að ~~fækka~~ fjölga tímum í latínu.

Það sem ennfremur er athugavert við stundtöfluna, er að Ensku tímum er fækkað, (12 tímum færra á viku). Þetta álít ég vera algjörlega misráðið, því þó kunnátta manna hafi verið viðunanleg (samanber skýrslu háskólans), þá hefir enginn sagt að hún var of mikil, og það ég að hún sé ekki. Einnig er Enskan það mál, sem ríður lang mest á að kunna, því hvar, sem maður kemur, í hinum mentaða heimi, er nóg að kunna Enska.

Það eru jafnmargir tímar í Þýsku nú og eftir gamla fyrirkomulaginu; ég held að ~~betra~~ nær hefði verið að fjölga tímum Þýsku, heldur en að fjölga Latínutímum því næst Enskunni ríður lang mest á að kunna Þýsku. Í Frönsku er 1 tíma bætt við, ég held að þetta hafi einnig verið misráðið, því ég held að það hafi verið óhætt að afnema Frönsku alveg í skólanum.

Í sögu er fækkað um 4 tíma, ég held að þetta sé ein mesta vitleysan, sem er í fram...,  því ég hygg að Í saga, skerpi mjög minnið o. s. fr. Auk þess, sem hún er skemtilegasta fagið, sem er í skólanum. Einnig er hún mjög nauðsynleg, þegar menn eru komnir út í „lífið".
Náttúrusögu tímum er fjölgað og álít ég það ...legt.

Dönsku tímum er fækkað um 4 kl, og er það vel farið, og hefði gjarnan mátt gjöra það fyr.
Fjórða atriði, sem athugavert er, ~~eru~~ skyndiprófin þau álít ég vera algjörlega óþörf, því þau munu einungis vekja ótta og hræðslu hjá nemendunum, fyrir því að þessi ófjandi komi manni alveg á óvömmum, en menn munu alls eigi læra nokkuð betur fyrir þau. Ég held því að þau muni verka þver-

ófagt við það, sem ætlast er til,
Svo eru einkunnirnar, eg held að sú breyting
sem sé á þeim á að verða sé til hins betra
Ætla eg að lesa hér upp nánari ákvæðu um
þetta, þau eru bl 32 (les tölurnar)
Eg held að þetta sé til bóta, sökum þess, að
undir núverandi fyrirkomulagi er hægt að
komast upp þó maður hafi eitt núll, þetta
álít eg mjög mikinn galla, því með þessu
er letin alin í okkur nemendunum. Aftur
álít eg sjálfsagt að þó maður sé vondur í einu
fagi, en góður í öllum hinum, þá eigi maður
að komast upp, en aftur ef maður er vondur
í einu, en verri en í meðalagi í hinum,
þá á maður alls ekki að komast upp. En
þessum skilyrðum er fullnægt með ~~þessu~~
einkunnastiga Ørsteds.
Næst atriði er forprófið, það álít eg vera
algjörlega óþarft, því hvað litla villu sem
maður gjörir, þá er hún nóg til þess, að það

á að vísa mönnum frá prófi.
Svo er það um kennara skólans, eg hef nokkuð
að athuga við 1. lið 43 gr, hann hljóðar þannig
(les hann upp). Eg er á móti þessari grein,
sökum þess, að hingað til hefir það reynst
svo, að menn sem ekki hafa lokið prófi eru
engu lakari en þeir, sem hafa lokið því,
t.d. m held eg að Bogi Ólafsson, sé ekkert
verri ~~kennari~~ kennari, heldur en sumir menn
sem hafa lokið prófi í greinum sínum.
Hinsvegar tel eg alveg sjálfsagt, að þeir
menn, séu látnir ganga fyrir, sem hafa
lokið prófi, ef ~~þeir að öðru leyti~~ eru
ekki lakari kennarar.
Svo er það ákvæðið um skólagjald, eg
er því ~~mót~~ heldur fallinn, ~~sökum þess að eg held~~
~~það minki~~ en hefi ekki getað kynt mér
það atriði eins vel og skyldi, og ræð
því eigi um það. Hef eg nú rætt um
það helsta í frumvarpinu, og hafa menn

hygst, að eg er því mótfallinn í heild
sinni, þó ýmislegt gott sé í því
Eg hef eigi getað minst á ýmislegt er
eg hefði annars kosið, en þá hefði
þetta orðið oflangt hjá mér.
~~Viðvíkjandi~~ Út af svörum prófessoranna
við spurningum [illegible], þarf ekki
margt að segja, því mér finst þau vera
líkust því þegar prangarar eru að prang-
út vörum, að hver mælir með sinni
vöru, eins er það með prófessorana, því
hver þeirra vill láta auka kensluna
í sínum fögum; sökum þessa get eg
ekki byggt mikið á þeim. Annars
eru margir góðir kaflar í þeim, ~~og við~~
~~eg vil leggja þeim, sem haf sérsta~~ og best
finst mér svar Guðm. Hannessonar.

Nú ætla eg nokkuð að minnast á
skólann eins og hann er. (Þetta
kann eg alt utan að og þarf því
eigi að skrifa meir)

Amen.

Þetta ritaði eg er eg var í öðrum
bekk, og ætlaði eg að flytja erindi þetta á
Fjölnisfundi, en úr því varð aldrei, sakir
hinna dæmafáu ósiða, er þann vetur voru
í félaginu.

